

Nýtt skipulag á félagskerfi landbúnaðarins

Markmið

Að móta nýtt skipulag á félagskerfi landbúnaðarins til að auka skilvirkni og bæta nýtingu fjármuna. Markmiðið er einnig að ná fram sem breiðastri samstöðu meðal bænda um félagskerfið og auka þannig slagkraft hagsmunagæslunnar. Jafnframt að finna leiðir til að fjármagna rannsóknir til að stuðla að framþróun og fagmennsku í landbúnaði.

Leiðir

Lagt var til að horft skuli til systursamtaka BÍ á Norðurlöndum og leggur nefndin til að hafa Landbrug og fødevarer í Danmörku sem fyrirmynd að nýju kerfi.

Í því felst að tekið verði upp tveggja stöða kerfi þar sem Bændasamtök Íslands sé önnur stoðin, en fyrirtæki tengd landbúnaði myndi hina stoðina. Lagt er til að Landbúnaðarklasinn renni inni fyrirtækjastoðina, enda er það mat nefndarinnar að hann sé vísir að þeirri stoð. Sameiginleg stjórn samsett úr báðum stoðunum sé svo starfandi (stjórn Samtaka Landbúnaðarins) til að samþætta og samræma sjónarmið beggja stoðanna.

Til að tryggja fjármögnun rannsókn- og þróunarstarfs verði tekið upp auragjald af allri búvöruframleiðslu í landinu.

Framgangur

Að aflokinni stefnumarkandi afgreiðslu Búnaðarþings 2020 um málið, gefst aðildarfélögunum tími til að bera samræmt samkomulag um nýtt félagskerfi undir sína aðalfundi til afgreiðslu. Í kjölfarið verður haldið aukabúnaðarþing til að formgera nýtt skipulag með nýjum samþykktum í byrjun október 2020.

Stjórn Bændasamtaka Íslands fer þess á leit við stjórn Landbúnaðarklasans að hann leiði uppbyggingu á fyrirtækjastoð samtakanna í samræmi við ályktun Búnaðarþings 2020.

Stjórn Bændasamtaka Íslands vinni að því að koma á fót innheimtu auragjalds af búvöruframleiðslu í samstarfi við stjórnvöld.

Tillaga þessi er lögð fram af stjórn BÍ en er unnin af félagskerfisnefnd sem skipuð var á grundvelli ályktunar búnaðarþings 2018. Nefndina skipuðu þau Jóhann Nikulásson formaður, Jóna Björg Hlöðversdóttir og Þórhildur Þorsteinsdóttir. Með henni störfuðu auk þess þau Guðbjörg Jónsdóttir og Baldur Helgi Benjamínsson. Nefndin hélt fjölmarga fundi með aðildarfélögum BÍ við undirbúning tillögunnar.

Greinargerð

I. Aðkoma bænda að félagskerfinu:

Lagt er til að aðildarfélögum aðildarfélaga BÍ fækki og að búgreinar verði grunnur að félagsaðild búnaðarsambandanna (svæðisafli). Skráð aðildarfélög aðildarfélaga BÍ eru nú 142 talsins samkvæmt innsendum félagatölum.

Lagt er til að búnaðarsambönd sameinist eða taki upp samstarf um þau félagslegu verkefni sem felast í breyttu félagskerfi þannig að þau verði 4 í stað 11 nú. Búgreinar mynda deild innan hvers svæðis/búnaðarsambands í stað þeirra undirfélaga sem eru nú starfandi á viðkomandi svæði.

Ný svæðaskipting:

- Búnaðarsamtök Vesturlands (Kjalarnesþing, Vesturland og Vestfirðir)
- Búnaðarsamband Norðvesturlands (Húnaþing og Strandir, Skagafjörður)
- Búnaðarsamband Norðausturlands (Eyjafjörður, N&S Þingeyingar)
- Búnaðarsamband Suðurlands (Suður-, Suðaustur- og Austurland)

Ný skilgreining að félagsaðild kæmi eingöngu í gegnum þá búgrein/starfsemi sem viðkomandi félagsmaður stundar.

Ný skilgreining að félagsaðild væri þannig:

1. Bændur sem tilheyra búgreinum, sem dreifast nokkuð jafnt yfir landið, eigi aðild að BÍ í gegnum búnaðarsambönd. Búnaðarsamböndin eru sameiginlegur vettvangur bænda í héraði með fjölpætta starfsemi.
 - Ferðaþjónustubændur
 - Hrossarékt
 - Nautgriparékt
 - Sauðfjárrékt
 - Skógareigendur
2. Bændur sem tilheyra fámennum búgreinum, með tiltölulega afmarkaða landfræðilega dreifingu, eigi aðild að BÍ í gegnum sérsambönd.
 - Eggjabændur
 - Garðyrkja
 - Geitfjárrékt
 - Kjúklíngabændur
 - Loðdýrabændur
 - Svínabændur
 - Æðarbændur
3. Bændur sem tilheyra hagsmunahópum með afmarkaða hagsmuni, eigi aðild í gegnum sérsambönd
 - Beint frá býli
 - Lífrænir bændur
 - Ungir bændur

Lagt er til að innheimt verði eitt þrepaskipt veltutengt félagsgjald til hvers félagsmanns, sem skiptist á milli BÍ og aðildarfélaga samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni.

II. Deildir búgreina

Lagt er til að starfsemi búgreinafélaganna renni inni Bændasamtökin og myndi deildir sem hafi það verksvið að annast um sérhæfð málefni einstakra búgreina. Þeir starfsmenn sem starfa fyrir búgreinafélögin verða þar með starfsmenn BÍ fyrir viðkomandi búgrein. Fagdeildirnar sjái meðal annars um ýmis málefni sinnar búgreinar svo sem að móta áherslur í hagsmunagæslu, skipan í fagrað, sjá um málefni dótturfélaga þeirra, stefnumótun fagstarfs og rannsókna. Grasrótastarf deildanna fer fram heima í héraði í fjórum félögum samkvæmt svæðaskiptingunni. Lagt er til að þeir fulltrúar svæðanna sem sitja fulltrúaráð BÍ hverju sinni sé einnig grunnurinn að stjórnnum/ráðum sinna fagdeilda innan BÍ.

III. Fulltrúaráð BÍ (Búnaðarþing)

Fulltrúaráð BÍ er æðsta vald í sameiginlegum málum bænda og er stefnumótandi fyrir stjórn Bændasamtakanna. Fulltrúaráðið er kosið með rafrænni kosningu meðal félagsmanna og skal það að lágmarki funda ársfjórðungslega.

Í fulltrúaráð BÍ eru kosnir 45 fulltrúar miðað við núverandi fjölda aðildarfélaga.

Forsendur skiptingar fulltrúa í fulltrúaráð BÍ:

Skipting fulltrúa tekur mið af skiptingu búgreina sbr. tillögu til búnaðarþings að nýju skipulagi. Öll aðildarfélög fá einn fulltrúa að lágmarki. Fjöldi fulltrúa sem er umfram skiptist á milli búgreina eftir vægi fjölda félagsmanna í viðkomandi búgrein að hálfu og veltu félagsmanna að hálfu (50/50). Nema þeirra félaga sem falla undir skilgreiningu á félögum í lið 3 (með afmarkaða hagsmuni), þau hafa alltaf aðeins einn fastan fulltrúa.

Skipting fulltrúa milli svæða:

Fyrstu fjórir fulltrúarnir skiptast jafnt á milli svæða. Þeir fulltrúar sem eru umfram það, skiptast hlutfallslega á milli svæða út frá veltu félagsmanna í viðkomandi búgrein á svæðinu. Þær búgreinar sem ekki hafa fjóra fulltrúa skipta fulltrúum eftir veltu. Hafa ber í huga að þessi skipting kann að breytast vegna breytinga sem orðið hafa á umsvifum búgreinanna undanfarin ár og þeirrar veltu sem félagsmönnum verður skylt að gefa upp við gildistöku á nýju skipulagi.

Aðildarfélög	Lágmark	Vægi 50/50	Samtals	Skipting fulltrúa milli svæða, eftir veltu sbr. skipting búnaðargjalds 2016			
				Vesturl	Norð V	Norð A	Suðurl
Ferðapjónusta	1	1	2			1	1
Hrossarækt	1	4	5	1	1	1	2
Nautgriparækt	1	9	10	2	2	2	4
Sauðfjárrækt	1	7	8	2	2	2	2
Skógareigendur	1	2	3		1	1	1
				5	6	7	10
Eggjabændur	1	1	2				
Garðyrkja	1	3	4				
Geitfjárrækt	1	0	1				
Kjúklingabændur	1	1	2				
Loðdýrabændur	1	1	2				
Svínabændur	1	1	2				
Æðarbændur	1	1	2				
Beint frá býli	1		1				
Vor	1		1				
Ungir bændur	1		1				
Samtals	15	30	45				

IV. Stjórn Bændasamtaka Íslands

Í stjórn BÍ sitja 9 félagsmenn og er hún kosin til eins árs í senn. Formaður samtakanna er kosin sér í rafrænni kosningu meðal félagsmann sem gildir að hálfu á móti kosningu meðal fulltrúa í fulltrúaráði BÍ.

Hver búgrein hefur sitt sæti og kýs 8 meðstjórnendur með rafrænni kosningu. Nautgriparækt =1, sauðfjár- og geitfjárrækt =1, hrossarækt =1, garðyrkja =1, svínabændur, alifugla- og eggjabændur =1, skógrækt =1, loðdýrarækt og æðarrækt =1, ferðaþjónusta, lífrænnir- og smáframleiðendur =1.

Auk þess eiga Samtök ungra bænda og formaður Samtaka landbúnaðarfyrirtækja áheyrnarfulltrúa.

V. Stjórn Samtaka Landbúnaðarfyrirtækja (Landbúnaðarklasinn).

Lagt er til að stjórn Samtaka Landbúnaðarfyrirtækja er kosin með sama hætti og stjórn BÍ til eins árs í senn með rafrænni kosningu meðal félagsmanna. Formaður samtakana er kosinn sérstaklega. Lagt er til að félagsgjald fyrirtækja til samtakanna sé valkvætt og að vægi þeirra sé í samræmi við þá upphæð upp að vissu marki, því jafnframt er lagt til að sett verði þak á atkvæðafjölda einstakra fyrirtækja. Formaður BÍ sé sjálfkrafa áheyrnarfulltrúi í stjórn Samtaka Landbúnaðarfyrirtækja. Nefndin telur eðlilegt að samtökin móti að örðuleiti sitt skipulag og hafi Landbúnaðarklasinn frumkvæði að því.

VI. Stjórn Samtaka Landbúnaðarins

Í stjórn Samtaka Landbúnaðarins sitja 5 aðilar. Tveir eru skipaðir af Stjórn Samtaka Landbúnaðarins og þrír af stjórn BÍ. Formaður BÍ hverju sinni er jafnframt formaður Samtaka Landbúnaðarins. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir heildarsamtökin, en helstu verkefni eru yfirumsjón með rekstri samtakanna, gerð ársreiknings og fjárhagsáætlun, samræma og móta heildarstefnu landbúnaðar á Íslandi og annast útgáfu- og kynningarmál greinarinnar.

VII. Fjármögnun rannsókna í landbúnaði

Víðast hvar um hinn vestræna heim eru rannsóknir og þróunarstarf í landbúnaði fjármagnaðar með auragjaldi af innlögðum afurðum. Dæmi um það er Mælkeafgiftsfonden í Danmörku, Agriculture and Horticulture Development Board (AHDB Dairy) í Englandi og DairyNZ á Nýja-Sjálandi. Hliðstæður má finna í kjötframleiðslu, kornrækt og garðyrkju.

Öll eiga þessi fyrirbæri það sameiginlegt að vera fjármögnuð af bændum með lögbundnu gjaldi af innlögðum afurðum. Dæmi úr mjólkurframleiðslu sýna að í Danmörku er gjaldið 0,8 aurar pr. kg mjólkur (ca. 0,3% af núgildandi mjólkurverði), í Bretlandi eru þetta 0,06 pence pr. lítra (0,2%) og á Nýja-Sjálandi er gjaldið 3,6 cent pr. kg verðefna (0,6%).

Þar sem hér er um að ræða sýslan með umtalsverða fjármuni er það verkefni stjórna framangreindra sjóða að ákveða í hvaða verkefni þeir eiga að fara. Skipan stjórnanna er jafnan sú að bændur í viðkomandi grein eru með meirihluta stjórnarmanna en fá síðan óháða aðila úr samfélaginu til liðs við sig. Í Danmörku eru 12 í stjórn Mælkeafgiftsfonden, sem skipuð er til 4 ára af ráðherra landbúnaðarmála. Landbúnaðurinn (samtök bænda og afurðastöðvar) tilnefna 8 fulltrúa og samfélagið (rannsóknaráð, neytendasamtök og verkalýðshreyfingin) tilnefnir 4.

Á Nýja-Sjálandi kjósa bændur á 6 ára fresti um gjaldtökuna, síðasta kosning var 2014 og þá vildu 82% bænda halda henni áfram. Þar í landi eiga bændur 5 fulltrúa af 8 í stjórn sjóðsins sem úthlutar fjármunum til einstakra verkefna.

Tillögur aðildarféлага til búnaðarþings 2020 sem vísað er til félagsmálanefndar þingsins.

1. Tillaga frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings og Búnaðarsambandi Vestfjarða .

Efni: Búnaðarþing verði haldið árlega .

Markmið

Að efla Búnaðarþing í hagsmunabaráttu landbúnaðarins og styrkja félagslega samstöðu bænda

Leiðir

Að halda Búnaðarþing árlega (í stað annars hvers árs á móti ársfundi Bændasamtakanna eins og nú er)

Framgangur

Samþykktum Bændasamtaka Íslands verði breytt .

Greinagerð

Árin 2017 og 2019 voru haldnir ársfundir BÍ í stað Búnaðarþings, það hefur ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir. Búnaðarþing er vettvangur fyrir bændur að koma saman og ræða mál greinarinnar og marka stefnu með stjórn samtakanna, það er skilvirkara að gera það árlega og jafnvel mætti hugsa sér að hafa styttri fundi en oftast til að styrkja samtakamátt bænda .

Einn helsti tilgangur breytingarinnar - þ.e. að halda Búnaðarþing annað hvert ár, var að spara fjármagn. Það er vissulega alltaf nauðsynlegt að gæta að rekstrarafkomunni, en nú sem aldrei fyrir er nauðsynlegt að spýta í lófana í félagslegri samstöðu og hagsmunagæslu fyrir landbúnaðinn.

2. Tillaga frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga

Efni: Félagsmál

Búnaðarþing 2020 beinir því til aðildarféлага Bændasamtaka Íslands að vinnu við endurskoðun félagskerfisins og uppbyggingu „Hagsmunafélags landbúnaðarins“ verði hraðað.

3. Tillaga frá Búnaðarsambandi Austurlands

Efni: Stefnumótun fyrir Bændasamtök Íslands

Markmið

Að fyrir liggi heildstæð og víðtæk stefna um landbúnað og matvælaframleiðslu Bændasamtaka Íslands.

Leiðir

Móta stefnu í samvinnu við aðildarfélög og endurskoða samþykktir BÍ.

Framgangur

Haft verið samráð við aðildarfélög og tryggja aðkomu grasrótariðnar við gerð stefnunnar. Lögð verið áhersla á framtíðarsýn með markmiðstengingum og framkvæmdaáætlun sem er endurskoðuð á hverju ári. Sem dæmi má horfa til málefna sem norsku bændasamtökin hafa gert að sínu svo sem samninga við ríkisvaldið (búvörusamningar), umhverfismál, matur og framleiðsla, jarðrækt, ábúð á jörðum og eignarhald. Sjá nánar <https://www.bondelaget.no/>

4. Tillaga frá Búnaðarsambandi Austurlands

Efni: Tillaga félagskerfisnefndar BÍ

Tillögu frá nefnd um félagskerfi landbúnaðarins er hafnað og lagt til að annað verklag verði haft við vinnu við mótun félagskerfis.

Verkefni nefndar var;

- *Ná breiðri samstöðu um félagskerfi bænda og með því aukinn slagkraft – allir bændur félagsmenn.*
- *Nýtt skipulag tryggi að raddir allra greina landbúnaðarins hljómi.*
- *Koma fram sem einn málsvari í stað margra.*
- *Auknum fjármunum verði varið til hagsmunagæslu.*
- *Stuðla að auknum rannsóknum til að tryggja framþróun og fagmennsku.*
- *Samráð við hagsmunaaðila um mótun á nýju skipulagi.*

Tillaga um nýtt félagskerfi felld á eftirfarandi röksemdum.

Fækkun búnaðarsambanda, BÍ getur ekki komið með tillögu um að leggja niður frjáls félagsamtök.

Tillögur styðja ekki núverandi samþykktir BI og nýjar samþykktir fylgja ekki með tillögum sem sýna fram á hvernig þetta á að ganga upp.

Ný aðild – í gegnum Búnaðarsambönd- hvert verður hið nýja hlutverk þeirra vantar alveg að skilgreina. Minni félög skiptast á formönnum, ekki endilega samlegð, td geitur með sauðfé en ekki æðarbændum og ef þú ert ferðaþjónustu og kúabóndi ertu þá hvar ? Gengur ekki upp verði að viðhalda úreltu kerfi ekki einföldun

Ný stjórn fulltrúaráðs fjórum sinnu á ári í fjarfundi ? Gott mál ef allir þekkjast vel og eru vel inni öllum málum. Of langt á milli ef nýtt skipulag Fulltrúaráð getur fundað í fjarfundi mánaðarlega eða vikulega ef unnið er að stefnumarkandi málefnum

Deildir búgreina – hvernig er þeirra staða innan félagsins umfram það sem RML er að gera er þetta nýtt RML?

Jafnréttisstefna Bændasamtaka Íslands - drög

Tilgangur

Bændasamtök Íslands eru samtök bænda sem starfa að framgöngu landbúnaðar á Íslandi í víðri merkingu. Með jafnréttisáætlun vilja Bændasamtök Íslands stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu og virðingu kvenna og karla í félagskerfi sínu með því að ryðja úr vegi hindrunum sem geta verið á vegi kvenna og karla. Áætluninni er ætlað það hlutverk að skoða og endurmeta aðstæður á hverjum vinnustað og tryggja sambærilega möguleika fyrir alla starfsmenn. Auknu jafnrétti fylgja ný verkefni, meiri stöðugleiki og aðdráttarafl fyrir nýtt starfsfólk. Stjórnendur og starfsfólk taka höndum saman og vinna markvisst að jafnrétti með hagsmuni allra í huga.

Skv. 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (jafnréttislög) ber fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun og samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Með tilkomu laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði ber atvinnurekendum, óháð stærð vinnustaðarins, að tryggja öllu starfsfólki sínu sömu réttindi óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðunum, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenum og kyntjáningu. Á smærri vinnustöðum með fáa starfsmenn og einfalda uppbyggingu getur nægt einföld jafnréttisáætlun með fáum en vel skilgreindum markmiðum og aðgerðum. Bændasamtökin vilja fylgja þeim viðmiðum sem þar eru sett óháð stærðar vinnustaðarins og jafnframt stuðla að ofangreindum markmiðum í félagskerfinu öllu.

Markmið

Að auka hlut kvenna í nefndum, ráðum og stjórnunum á vegum Bændasamtaka Íslands með því að leitast við að tilnefna fólk af báðum kynjum. Samtökin leitist við að skapa jákvæða ímynd samtakanna varðandi viðhorf til kynjanna

Stuðla að því að fjölga konum í störfum þar sem karlar eru í meirihluta og öfugt þar sem það á við.

Bændasamtökin geri nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu og stuðli þannig að betra jafnvægi milli einkalífs og starfs.

Starfsfólk hljóti sömu kjör fyrir sambærileg störf og að starf sem er laust skal standa opið jafnt konum og körlum. Til að ná því markmiði skal í starfsauglýsingum hvetja jafnt konur sem karla til að sækja um starf og taka fram að unnið sé eftir jafnréttisstefnu.

Konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, starfsþjálfunar og til að sækja námskeið.

Bændasamtökin skulu tryggja að komið sé í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni. Starfsfólk búi við gott og öruggt starfsfúmhverfi þar sem þeir njóta virðingar.

Lögð verði áhersla á að framlag kvenna og karla verði gert sýnilegt á vettvangi landbúnaðarins. Borin verði virðing fyrir sjónarmiðum og málflutningi kvenna og karla.

Lögð verði áhersla á að ungt fólk í bændastétt verði sýnilegt og að sjónarmið þeirra verði tekin til greina við framtíðarstefnumótun. Sérstök áhersla lögð á ryðja hindrunum úr vegi ungra kvenna og hvetja þær sem starfa eða hafa áhuga á að starfa í landbúnaði.

Aðgerðir

Bændasamtökin skulu kynna jafnréttisstefnu sína fyrir starfsfólki og félagsmönnum. Jafnréttisáætlun skal vera sýnileg utan sem innan samtakanna.

Jafnréttissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi við mat á heildarhagsmunum samtakanna sem og við ákvörðun á starfsþróun.

Útbúa þarf viðbragðsáætlun sem inniheldur leiðbeiningar um það hvernig tekið verði á málum sem komið geta upp og varða kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Farvegur þeirra mála verði skýr og faglegur.

Hvetja þarf aðildarfélög til að vinna í anda áætlunarinnar.

Bændasamtökin skulu reglulega ráðast í þekkingaröflun og kortlagningu á stöðu jafnréttismála innan samtakanna og landbúnaðarins í heild. Framkvæma stöðumat og uppfæra markmiðssetningu

Festa í samþykktir ákvæði um aðkomu kvenna og karla í félagsstarfinu og stuðla að útrýmingu neikvæðrar kynbundinnar orðræðu.

Tillaga þessi er lögð fram af stjórn BÍ. Tilurð hennar má rekja til að starfshóps sem skipaður var 2017 í tilefni af 180 ára afmæli samtaka bænda. Starfshópurinn ákvað að kanna stöðu jafnréttis kynjanna innan BÍ og aðildarfélaganna og í kjölfarið var ákveðið að leggja fram nýja og endurskoðaða jafnréttisstefnu fyrir búnaðarþing 2020. Jafnréttisstefna var fyrst samþykkt á búnaðarþingi 2001 og síðan var sett jafnréttisáætlun 2005, en hvorugt plaggið hefur verið endurskoðað síðan þá og er þessari stefnu ætlað koma í þeirra stað.

Tillögur stjórnar BÍ um breytingar á samþykktum BÍ og þingsköpum búnaðarþings á búnaðarþingi 2020

Greinargerð

Stjórnin leggur til að aftur verði snúið til þess fyrirkomulags að búnaðarþing verði haldið árlega. Eftir fjögurra ára reynslu af því að halda þingið annað hvort ár og ársfund á móti er það mat stjórnarinnar að það sé sterkara fyrir samtökin að færa fyrirkomulagið til fyrra horfs og því verði ársfundarfyrirkomulagið lagt af. Sú tillaga er því lögð fyrir þingið að fella burt ákvæði um ársfund og tilvísanir til hans úr samþykktum BÍ.

Þá leggur stjórnin jafnframt til að skylda um að félagsmenn í BÍ séu jafnframt í a.m.k. einu aðildarfélagi samtakanna falli brott. Þetta ákvæði hefur reynst þungt í vöfum. Félagsmenn hafa upplifað það sem hamlandi og sumir vilja ekki sætta sig við að það að þeir vilji ganga í

eitt félag hafi í för með sér að þeir séu þvingaðir til aðildar að öðru. Stjórnin telur eðlilegt að félagsmönnum sé algerlega í sjálfsvald sett hvaða félögum þeir kjósa að vera aðilar að og þessi skylda verði því afnumin.

Til viðbótar eru lagðar fram tvær breytingar tæknilegs eðlis á þingsköpum búnaðarþings. Annars vegar eru tekin af öll tvímæli um að halda megi búnaðarþing með rafrænni miðlun gagna og felld niður sú skylda að starfsmenn og aðstoðarmenn á þinginu þurfi að vera starfsmenn BÍ. Þetta er hvort tveggja í samræmi við framkvæmdina á þinginu 2018.

Ljóst er að niðurstaða búnaðarþings 2020 um félagskerfi landbúnaðarins hefur verulega þýðingu um hvernig samþykktir BÍ munu líta út í framtíðinni. Eftir sem áður er það tillaga stjórnar að leggja til þessar breytingar til núna, en niðurstaða þingsins um félagskerfið mun þýða heildarendurskoðun samþykktanna sem kemur þá til afgreiðslu síðar þegar aðildarfélögin hafa fjallað um breytingarnar á sínum vettvangi eins og fram kemur í tillögu félagskerfisnefndar.

1. Tillögur um breytingar á samþykktum BÍ.

Eftirfarandi breytingar verði á 3. grein a.: Orðið ársfundur falli brott á þeim tveimur stöðum sem það kemur fyrir.

3. grein. a.

Aðild að Bændasamtökum Íslands geta átt félög einstaklinga og lögaðila sem stunda búrekstur í atvinnuskyni eða vegna eigin nota. Þessi félög nefnast aðildarfélög Bændasamtaka Íslands og þau eiga öll fulltrúa á búnaðarþingi, sbr. 11. gr.

Stjórn BÍ metur umsóknir nýrra aðildarfélaga og gerir tillögu til búnaðarþings um afgreiðslu þeirra. Ekki skal veita félagi aðild ef annað félag er þegar aðili sem telja má að starfi á sama svæði og í sömu grein, nema sérstök rök hnígi til þess.

Eftirfarandi breytingar verði á a) lið 3. greinar b: Orðin „enda séu þeir félagar í a.m.k. einu aðildarfélagi samtakanna“ falli brott.

a) Fulla aðild að Bændasamtökum Íslands geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni eða vegna eigin nota. Aðild samkvæmt þessum staflið veitir full réttindi fyrir tvo aðila.

Eftirfarandi breytingar verði á 5. grein: Orðið ársfundur falli brott.

5. grein

Stjórn Bændasamtaka Íslands ákveður fjárhæðir skv. 2., 3. og 5. mgr. Ákvörðun um þessar fjárhæðir skal staðfest á búnaðarþingi.

Eftirfarandi breytingar verði á 10. grein: Í stað orðanna „annað hvert ár“ komi „árlega“

10. grein

Búnaðarþing er aðalfundur Bændasamtaka Íslands og fer með æðsta vald í öllum málefnum þeirra. Það skal halda árlega og heimilt er að halda aukafing.

Eftirfarandi breytingar verði á heiti II kafla: Orðið ársfundur falli brott.

II. kafli. Búnaðarþing

Eftirfarandi breytingar verði á 12. grein: Greinin falli brott í heild og greinar sem á eftir koma fá ný númer með hliðsjón af því.

Eftirfarandi breytingar verði á 19. grein: Orðið ársfundur falli brott á þeim tveimur stöðum sem það kemur fyrir.

19. grein

Búnaðarþing skal á ári hverju kjósa einn löggiltan endurskoðanda Bændasamtaka Íslands og annan til vara. Þá skal kjósa einn skoðunarmann reikninga og annan til vara. Reikningsár samtakanna er almanaksárið. Löggiltur endurskoðandi skal framkvæma venjubundna endurskoðun og skoðunarmaður skal auk þeirrar endurskoðunar sem talin er nauðsynleg, kynna sér starfsemi samtakanna yfirleitt og gera sérstaklega grein fyrir þeim frávikum er kunna að verða frá fjárhagsáætlun búnaðarþings. Þeir skulu eiga aðgang að öllum skjölum samtakanna og er stjórn og starfsmönnum þeirra skylt að veita þeim þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar starfsins.

2. Tillögur um breytingar á þingsköpum búnaðarþings.

Eftirfarandi breytingar verði á 5. grein: Við 2. mgr. bætist „Stjórn Bændasamtakanna getur ákveðið að búnaðarþingi skuli haldið með aðstoð rafrænna miðla“

5. grein

Miða skal við að fundargögn berist fulltrúum eigi síðar en 10 dögum fyrir setningu þings. Stjórn Bændasamtakanna getur ákveðið að búnaðarþing skuli haldið með aðstoð rafrænna miðla.,

Eftirfarandi breytingar verði á 6. grein: Orðin „fjölríta það og“ falla brott úr 1. mgr.

3. mgr. orðast svo „Stjórn Bændasamtakanna getur falið aðstoðarmönnum að aðstoða einstakar nefndir við störf þeirra“

6. grein

Á fyrsta fundi hvernar nefndar skal kosinn formaður og varaformaður sem jafnframt er ritari. Nefnd lætur uppi álit sitt og skal útbýta því meðal þingfulltrúa áður en málið er tekið til umræðu á þinginu. Nefndarálit skal undirritað af nefndarmönnum og tilgreint hver sé framsögumaður.

Stjórn Bændasamtakanna getur falið aðstoðarmönnum að aðstoða einstakar nefndir við störf þeirra.

Eftirfarandi breytingar verði á 9. grein:

1. mgr. orðast svo „Stjórn Bændasamtakanna tilnefnir ritara til að færa fundargerð þingsins undir stjórn forseta.“

9. grein

Stjórn Bændasamtakanna tilnefnir ritara til þess að færa fundargerð þingsins undir stjórn forseta.